

Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri

Janúar

Verkefni unnin:

- Bókhald fært til áramóta hjá Strandabyggð, Hornsteinum og Sorpsamlagi. Afstemmingar búnar og bókhald Sorpsamlags sent til endurskoðanda 20. janúar og Hornsteina í byrjun febrúar
- Launamiðar sendir fyrir Strandabyggð og Sorpsamlag og launaframtal afstemmt. Verktakamiðar sendir fyrir Sorpsamlag, Hornsteina og Strandabyggð
- Útfærði hljóðupptökur funda og sendi út svör eftir sveitarstjórnarfundi og ritaði fundargerð.
- Skil á hreyfingarlistum til lánadrottna og viðskiptavina og köllun eftir því sama hjá lánadrottnum til afstemmingar
- Launavinnsla hver mánaðarmót, greiðslur og skil á sköttum og sjóðum
- Álagning fasteignagjalda 2025 í janúar, rýni með byggingarfulltrúa og sveitarstjóra. Álagningarseðlar birtir á island.is og unnið er að birtingu á island.is og innheimtu krafna. Vinna tafðist vegna sorphirðugjalda en innheimta verður send út í febrúar
- Önnur innheimta eftir þörfum og eftirfylgni með innheimtu
- Samskipti og samningur við Kaldrananeshrepp vegna samnings um sérfræðipjónustu í skóla og vegna samnings um tómstundastarf fyrir íbúa
- Vinna að samskiptasáttmála sveitarstjórnar
- Vinna að námskeiði í office fyrir forstöðumenn
- Vinna í Tímon, sem er ekki komið í fulla virkni. Einhver skilgreiningavandi er í kerfinu þar sem við erum með marga hópstjóra og mismunandi aðganga
- Skráning rafrænna húsaleigusamninga á HMS
- Útfyllt tengslaskrá fyrir KPMG v. sveitarstjórnarfólks og forstöðumanna

Verkefni framundan:

- Vsk uppgjör og afstemming v. Strandabyggðar, Sorpsamlags, Veitustofnunar og Hornsteina
- Uppgjör og afstemmingar v. 2024, senda afrit af gögnum til KPMG og svara fyrirspurnum
- Bókhald í janúar og innheimta
- Skrá áætlun í bókhaldskerfið
- Leyfi frá 10.-21. Febrúar

Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála í samvinnu við sveitarstjórn
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda reglulega. Launamiðum launþega skilað í janúar
- Afstemmingar lánadrottna reglulega og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf
- Skil á aðalbók reglulega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar
- Flest hér ofantalið er unnið sömuleiðis fyrir Veitustofnun, Sorpsamlag og Hornsteina

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Janúar 2024

Verkefni á frumstigi:

- Skipulagsdagar leik og grunnskóla
- Íslenska æskulýðsrannsóknin
- Umsóknir um styrki úr endurmenntunarsjóð Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Starfsáætlun leik-, grunn- og tónskóla 2025-2026
- Starfsmannaviðtöl vor 2025

Verkefni í vinnslu:

- Mönnun og afleysingar leikskóla
- Skipulag á neðri hæð
- Flutningar á neðri hæð unglingastig og námsver
- Flutningur úr list- og verkgreinastofu í stofu á gangi, miðstig
- Flutningur úr anddyri gamla skóla í skólastjóri og sérkennsluskrifstofur nýja skóla
- Grunnfærnimat í lestri og stærðfræði – allir árgangar
- Lesfímikannanir - allir árgangar
- Endurskoðun og uppfærsla áætlana
 1. Námsmatsstefna
 2. Læsisstefna
 3. Starfsmannastefna
 4. Móttökuáætlun nýrra leik- og grunnskólakennara
 5. Móttökuáætlun almennra starfsmanna
 6. Móttökuáætlun nýrra nemenda
 7. Jafnréttisáætlun
 8. Öryggisáætlun
 9. Eineltisáætlun
 10. Áfallaáætlun
- Lausnateymi skólastjóra Hólmavík-Reykhólar
- Innlit í kennslu skv. leiðsagnarnámi – mat
- Mat á starfsáætlun 2024-2025
- Umbótaáætlun
- Nemendastýrð foreldraviðtöl
- Kynningarfundur fyrir foreldra um áherslur aðalnámskrár grunnskóla.
- Uppfærsla áætlana á heimasíðu

Verkefni á ársvísu:

- Fundir skv. fundaáætlun, vikulega og mánaðarlega
- Lausnateymi skólastjóri frá jan 2025.
- Gæðaráð/skólaráð, fundir og verkefni 2024-2025
- Leiðsagnarnám, verkfæri og námsmat með ráðgjöf Ásgarðs
- Innra mat skv. áætlun 2024-2025
- Endurskoðun almennra áætlana 2024-2025
- Skólahúsnæði, bætt aðstaða til náms og leiks
- Samstarf Grsk. Drangsnesi og Grsk. Hólmavík
- Menntastefna sveitarfélagsins, endurskoðun

Verkefnum lokið:

- Samkomulag Grunnskóla og Íþróttamiðstöðvar um verklag í skyldunámi í íþróttum
- Íþróttadagur, fjölskyldum boðið
- Skólabúðir Reykjaskóla
- Flutningur úr einni geymslu í ráðhúsi
- Umsókn um styrk í sprotasjóð